

JAR3A05 VEÐUR- OG UMHVERFISFRÆÐI

Námsáætlun, Hausti 2024

Kennari/kennarar: Kristinn Arnar
Guðjónsson

Netfang/netföng:
kristinn.gudjonsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum eru helstu atriði í veður- og veðurfarsfræði kynnt. Fjallað er um Lofthjúp jarðar, samsetningu hans og þau ferli sem eru að verki þar. Fjallað er um drifkraft veðurkerfa, myndun skýja og úrkomu, vinda og vindakerfi, veðurkerfi, loftslag og loftslagsbelti svo eitthvað sé nefnt. Helstu hugmyndir í umhverfisfræði eru kynntar sem og helstu vandamál í umhverfismálum.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur:

- þekki helstu hugtök og hugmyndir í veður og veðurfarsfræði
- skilji þau ferli sem eru að verki í lofthjúpi jarðar og hvernig athafnir manna hafa áhrif á þau.
- þekki orkugjafa veðra og vindakerfi jarðar.
- þekki þau þrjú ferli sem miðla varma frá miðbaug til skauta jarðar
- skilji hvernig lægða- og hæðakerfi myndast og hreyfast
- þekki helstu atriði sem stýra veðurfari á Ísland.
- þekki helstu umhverfisbreytingar sem rekja má til athafna mannsins
- þekki hugmyndir um framtíðarbreytingar.
- skilji og geti beitt helstu hugtökum veður- og umhverfisfræði.
- geti unnið með einföld gagnasöfn sem tengjast veðurfræði.

Nemandinn hafi nægan grunn til þess að setja sig inn í einstök viðfangsefni veður og umhverfisfræði og geti kynnt niðurstöður sýnar samnemendum á því formi sem hann velur sér (fyrirlestri, ritgerð, blaðagein, stuttmynd, úttvarpsþætt, veggspjaldi en öðrum þeim hætti sem kennari og nemandi sammælast um)

Námsmat:

Mæting: Til að standast áfangann þarf nemandinn að standast kröfur um mætingu eins og þær eru kynntar í reglum skólans. Þessar reglur eru eftirfarandi: mæting þarf að vera 90% en tekið er tillit til lögmætra fjarvista að vissu marki. Samanlagður hlutur lögmætra og ólögmætra fjarvista má ekki fara yfir 20%. Lögmætar fjarvistir teljast veikindi og leyfi sem eru viðurkennd af skólayfirvöldum og koma fram í INNU. Standist nemandi ekki þessar kröfur telst hann fallinn í áfanganum. Nemendur sem eru löglega forfallaðir þegar námsmat fer fram í tíma eiga rétt á að vinna viðkomandi verkefni/próf þegar þeir snúa aftu eftir veikindi. Sé nemandi ekki löglega forfallaður fær hann 0 fyrir viðkomandi námsmats þátt.

JAR3A05 VEÐUR- OG UMHVERFISFRÆÐI

Námsáætlun, Hausti 2024

Aðrar kröfur: Fyrir utan mætingakröfur verða nemendur að fá meðaleinkunina 4,5 eða hærra úr eftirfarandi námsmatspáttum:

Leskannanir 4 x 5% = 20%

1. hópverkefni 10%

2. hópverkefni 10%

Kaflaverkefni 7 x 5%= 35%

Kynning á grein 10%

Önnur verkefni 15%

Námsgögn:

Veðurfræði – inn á INNU

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Rétt er að ítreka mætingakröfum skólans verður fylgt stýft eftir. Komi upp vandkvæði eða veikindi hjá nemenda sem aftra honum frá því að mæta og hann vill láta taka tillit til skal hann hafa samband við skólayfirvöld, námsráðgjafa eða kennara sem fyrst. Það mun síðan metið hvort ástæða sé til þess að taka tillit til þeirra ástæðna. Ef tekið verður tillit til slíkra aðstæðna gæti jafnframt verið gerð krafa til þess að nemandi ynni upp með einhverjum hætti það sem hann hefur farið á mis við. **EKKI ER HÆGT AÐ TAKA TILLIT TIL SLÍKRA ÞÁTTA NEMA AÐ UPPLÝSINGAR KOMI FRAM UM LEIÐ OG VANDKVÆÐI KOMA UPP EÐA Í SÍÐASTA LAGI ÞEGAR AÐ NEMANDI SNÝR AFTUR TIL NÁMS. NEMANDI GETUR HAFT SAMBAND VIÐ KENNARA MEÐ PÓSTI EÐA Í SÍMA.**

Öll verkefanaskil eiga sér stað í námsþingi skólans – ekki er tekið við verkefnum í tölvupósti. Gerð er krafa til þess að nemandi mæti í alla tíma með nauðsynleg kennslugögn (námbók og verkefnahefti).

JAR3A05 VEÐUR- OG UMHVERFISFRÆÐI

Námsáætlun, Haust 2024

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Upphaf kennslu afhending námsáætlunar og kynning á kröfum	
2	26.-30. ágúst	1. kafli	1KV 5%
3	2.-6. sept.	Fyrata hópverkefni	
4	9.-13.sept.	Fyrirlestur nemenda um veðurfar	1FYRL 10%
5	16.- 20.sept	2. kafli	2KV 5% Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	3. kafli	3KV 5%, 1. LESK 5%
7	30.sept.- 4. okt.	4. kafli	4KV 5%
8	7.-11. okt.	5. kafli	5KV 5%
9	14.-18. okt.	2. hópverkefni	2. lesk 5%
10	21.-23. okt.	Fluttningur á 2. hópverkefni	2. hpv 10% Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Fluttningur á 2. hópverkefni	
12	4.-8. nóv.	6. kafli	6KV5% 3LESK 5% Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	7. kafli	7KV 5% 4LESK5%
14	18.-22. nóv.	8. kafli	
15	25.-29. nóv	9. kafli	
16	2.-6. des.	10. kafli	
17	9.-12. des	Kynning á grein	KÁG 10% Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar